

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 15/2003

Og fjarskipti hf.

gegn

Samkeppnisstofnun

I

Með bréfi dags. 20. júní 2003, sem mótttekið var þann 24. júní 2003 hafa Og fjarskipti hf. kært ákvörðun Samkeppnisstofnunar sem kemur fram í bréfi dags. 23. maí 2003. Í hinni kærðu ákvörðun var því hafnað að taka til frekari meðferðar erindi áfrýjanda þess efnis að Landssími Íslands hf. (hér eftir Landssíminn) hefði misnotað markaðsráðandi stöðu með tilteknum auglýsingum.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist að niðurstöðu Samkeppnisstofnunar verði hrundið og breytt á þann veg að gripið verði til viðeigandi aðgerða gagnvart Landssímanum til að koma í veg fyrir frekari birtingar auglýsinga hans með því efni sem kært var og jafnframt að lagt verði bann við því að hann birti framvegis slíkar auglýsingar. Þá er þess krafist að Landsíminn verði látinn sæta stjórnvaldsviðurlögum þeim sem lög heimila.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsenda hennar.

II

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 29. janúar 2003, rituðu Íslandssími hf. og Tal hf. Samkeppnisstofnun bréf vegna auglýsinga Landssímans í fjölmiðlum. Meðan á rekstri málsins stóð sameinuðust Tal hf. og Íslandssími hf. undir nafni

Íslandssíma hf. en nafni félagsins var síðar breytt í Og fjarskipti hf. Samkeppnisstofnun tók málið til meðferðar og leitaði álits svonefndrar auglýsinganefndar á auglýsingunum eftir að hafa veitt Landssímanum færi á að tjá sig um málið. Með bréfi Samkeppnisstofnunar til áfrýjanda, dags. 19. febrúar 2003, var áfrýjanda birt rökstudd niðurstaða auglýsinganefndar þess efnis að auglýsingarnar brytu ekki í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga 8/1993. Kom fram í bréfinu að Samkeppnisstofnun væri sammála þeirri niðurstöðu og að stofnunin sæi af þeim sökum ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu. Var áfrýjanda gefinn kostur á að koma að athugasemdum um þessa niðurstöðu.

Með bréfi áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar, dags. 23. apríl 2003, kom fram sú skoðun hans að við mat á því hvort auglýsingar Landssímans samræmdust lögum og reglum á samkeppnisviði bæri að taka tillit til sérstakrar yfirburðarstöðu félagsins á öllum sviðum fjarskipta, svo og til þess á hvern hátt sú sérstaka yfirburðarstaða hafi orðið til. Samkeppnisstofnun svaraði bréfi áfrýjanda með bréfi, dags. 25. apríl 2003, þar sem fram kom að stofnunin teldi að í bréfinu væri ekki að finna nein efnisleg rök sem gæfu tilefni til þess að stofnunin aðhefðist frekar í málinu. Var áfrýjanda jafnframt gefinn frestur til að koma að athugasemdum.

Með bréfi, dags. 14. maí 2003, sendi áfrýjandi Samkeppnisstofnun erindi þar sem því var haldið fram að auglýsingar Landssímans kunni að brjóta í bága við ákvæði samkeppnislaga. Vakti áfrýjandi í því sambandi athygli á því að umræddar auglýsingar Landssímans væru ekki birtar í því skyni að auglýsa verð og skilamála eða veita þær upplýsingar um gæði og þjónustu þannig að neytendum gæfist kostur á að taka skynsamlega ákvörðun. Fór áfrýjandi fram á það við Samkeppnisstofnun að hún tæki mál þetta fyrir að nýju annað hvort til að breyta niðurstöðu sinni, en ef ekki yrði fallist á það, til að rökstyðja þá niðurstöðu að Landssíminn mætti haga auglýsingum sínum með þeim hætti sem erindi áfrýjanda beindist að. Samkeppnisstofnun svaraði þessu bréfi áfrýjanda með bréfi, dags. 23. maí 2003, og hafnaði með vísan til 1. mgr. 3. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 922/2001 að taka til frekari meðferðar erindi áfrýjanda. Af hálfu Samkeppnisstofnunar var m.a. á það bent að áfrýjandi hefði vísað til 20. gr. a og 21. samkeppnislaga í erindi sínu frá 29. janúar 2003. Það hefði fengið úrlausn á þeim grundvelli og og ekki hefðu komið fram sjónarmið af hans hálfu sem leiða myndu til annarrar niðurstöðu. Taldi stofnunin ekki tilefni til að hefja annað stjórnsýslumál á

grundvelli sömu gagna, en benti á að unnt væri fyrir áfrýjanda að hefja nýtt stjórnisýslumál hjá stofnuninni eða hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð samkeppnisráðs barst nefndinni 2. júlí 2003, athugasemdir áfrýjanda 8. júlí 2003 og samkeppnisráðs 14. júlí 2003. Þá var kæra áfrýjanda send Landssímanum til umsagnar og barst hún 10. júlí 2003. Af hálfu Landssímans var á það bent að kæra áfrýjanda kynni að hafa borist of seint miðað við lögboðinn kærufrest.

III

Af hálfu áfrýjanda er um málsástæður og lagarök vísað til framangreindra bréfa hans til Samkeppnisstofnunar. Hann vísar sérstaklega til þess að þau hafi borið með sér að mál þetta hafi frá upphafi snúist um misnotkun Landssímans á markaðsráðandi stöðu.

Af hálfu Samkeppnisstofnunar er vísað til þess að í upphaflegu erindi áfrýjanda til stofnunarinnar, dags. 29. janúar 2003, komi skýrt fram að átt sé við meint brot Landssímans á ákvæðum 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga. Erindið hafi því verið tekið til meðferðar á grundvelli þessara lagagreina. Í stuttri athugasemd áfrýjanda um markaðsráðandi stöðu Landssímans hafi hvorki verið vísað til lagagreina né rökstutt á hvern hátt háttsemin fæli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Telur stofnunin að áfrýjandi hafi því ekki borið þessa málsástæðu nægjanlega skýrt fyrir sig.

IV

Vegna ábendingar Landssímans um að kæra áfrýjanda hafi borist eftir að kærufrestur var liðinn tekur nefndin fram að ekki liggja fyrir gögn um hvenær áfrýjandi veitti viðtöku bréfi Samkeppnisstofnunar frá 23. maí 2003. Verður því að miða við að kæran hafi borist innan lögboðins frests.

Í upphaflegu erindi áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar, dags. 29. janúar 2003, var kvartað yfir því að tiltekna auglýsingar Landssímans brytu í bága við 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisstofnun tók þá kvörtun til meðferðar með venjubundum og eðlilegum hætti. Eins og kvörtunin var sett fram af hálfu áfrýjanda voru ekki efni til af hálfu stofnunarinnar að taka til rannsóknar í sama stjórnisýslumáli hvort um væri að ræða misnotkun á markaðsráðandi stöðu af hálfu Landssímans. Með

vísan til þess sem hér hefur verið sagt og þeirra röksemda sem fram koma í hinni kærðu ákvörðun Samkeppnisstofnunar ber að staðfesta hana.

Úrskurðarorð

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Reykjavík, 25. júlí 2003

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir